

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana.

#### 1. gr.

Á eftir „4. gr.“ í d-lið 2. mgr. 1. gr. reglnanna kemur: og 4. gr. a.

#### 2. gr.

Á eftir 4. gr. reglnanna kemur ný grein, 4. gr. a, ásamt fyrirsögn, sem orðast svo:

#### *Lausafjárhlutfall í íslenskum krónum.*

1. Auk lausafjárhlutfalls skv. 3. gr. skal lausafjárhlutfall lánastofnunar í íslenskum krónum á hverjum tíma vera a.m.k. 50% og reiknað samkvæmt jöfnu 1. mgr. 3. gr.
2. Ákvæði 5. mgr. 3. gr. á við falli lausafjárhlutfall lánastofnunar í íslenskum krónum undir það lágmark sem sett er í 1. mgr. þessarar greinar.

#### 3. gr.

Orðin „og 6.“ í 3. mgr. 4. gr. reglnanna falla brott.

#### 4. gr.

Á eftir „4. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 19. gr. reglnanna kemur: og 4. gr. a.

#### 5. gr.

Fyrirsögn 30. gr. reglnanna orðast svo: *Viðbótarútlæði.*

#### 6. gr.

10. mgr. 31. gr. reglnanna fellur brott.

#### 7. gr.

Á eftir 31. gr. reglnanna kemur ný grein, 31. gr. a, ásamt fyrirsögn, sem orðast svo:

#### *Útlæði vegna skuldbindinga sem falla ekki undir önnur ákvæði kaflans.*

Lausafjárútlæði sem leiðir af skuldbindingum sem falla í gjalddaga innan 30 daga, öðrum en þeim sem vísað er til í 23.-31. gr., fær 100% vægi.

#### 8. gr.

Á eftir „4. gr.“ í 1. mgr. 37. gr. reglnanna kemur: og 4. gr. a.

#### 9. gr.

Við reglurnar bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### **Bráðabirgðaákvæði vegna lausafjárhlutfalls í íslenskum krónum.**

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 4. gr. a skal lágmark lausafjárhlutfalls lánastofnunar vera með eftirfarandi hætti:
  - a. Frá gildistöku reglna þessara til og með 31. desember 2020 skal lausafjárhlutfall lánastofnunar í íslenskum krónum að lágmarki vera 30%.
  - b. Frá 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2021 skal lausafjárhlutfall lánastofnunar í íslenskum krónum að lágmarki vera 40%.
2. Bráðabirgðaákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2022 en frá og með þeim degi skal lágmark lausafjárhlutfalls lánastofnunar í íslenskum krónum vera í samræmi við 1. mgr. 4. gr. a reglna þessara.

Nr. 1170

17. desember 2019

10. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, öðlast gildi 1. janúar 2020.

Reykjavík, 17. desember 2019.

*Seðlabanki Íslands,*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Haukur C. Benediktsson**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2019